

**Grunnskóli  
Hornafjarðar  
470 8400**



## **Fundarboð**

**5. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021**  
**5. feb. kl. 8:15-9:00 – í stofu 6 í Heppuskóla og á Teams**

**Fundarstjóri:** Þórgunnur Torfadóttir  
**Fundarritari:** Björn Sigfinnsson

Mættir: Eva Rán Ragnarsdóttir, Helga Árnadóttir, Björn Sigfinnsson, Heiður Sigurðardóttir og Þórgunnur Torfadóttir.

### **Dagskrá**

1. **Valdefling** - samstarf foreldra og samstarf heimilis og skóla. Áframhaldandi umræða frá því á fundi fyrir jól. Hvernig poppum við upp umræðuna til og eða fyrir foreldra. Áfram unnið í málinu og allar góðar hugmyndir vel þegnar.
2. **Staðan í skólanum út frá Covid-19.** Allt eins eðlilegt og hægt er að hafa það.
3. **Svar frá umhverfis og skipulagsnefnd við bréfi frá Skólaráði sem sent var í desember.** Bréfið var tekið fyrir í umhverfis og skipulagsnefnd 7. janúar og er bókunin hér fyrir neðan. Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri sveitarfélagsins þakkaði fyrir bréfið sem myndi ýta á eftir framkvæmdum og að umferðaröryggi barna væri ávalt mikilvægt og gott að fá ábendingar sem styðja við það.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur undir með skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar um að vinna þurfi áfram í því að gera úrbætur á umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn með það að markmiði að gangandi og hjólandi umferð verði í forgangi í þéttbýlinu. Í ályktuninni er vísað í Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2027 og aðgerðalista í henni. Það er nefndinni ánægja að upplýsa um að verið er að vinna í flestum þeim þáttum sem sérstaklega eru tilteknir í ályktuninni og ættu flest þessara atriða að komast í framkvæmd nú í vor. Umferðarhraði verður lækkaður í íbúðargötum, verið er að skoða gangbrautir og gönguleiðir að skólanum og gönguleið við N1 verður bætt. Þegar hefur verið færður ljósastaur til að laga aðgengi við Brautarholt. Sveitarfélagið hefur nú nýlega tekið við götulýsingu og verið er að vinna að áætlun um lýsingu þar sem öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda er sérstaklega skoðað og verið er að vinna í fleiri þáttum vegna umferðaröryggis m.a. í tengslum við deiliskipulagningu skóla- og íþróttasvæðis.

Skólaráð fagnar þessu svari

4. **Niðurstöður skólapúlsins frá í janúar**
5. **Tilkynningar og önnur mál**

Helga talar um bílamenningu á Höfn. Stuttar vegalengdir en margir nota bílinn. Veltu upp hugmynd um hjólaskýli t.d. við grunnskólann, betri umhirða hjóla. Taka þessa umræðu inn í vegna skipulagsmála við skóla.

Helga talar um mataræði og velti upp hvort t.d. mætti hafa grænmetisrétt einu sinni í viku. Þórgunnur talar um nemendur sem víkja frá og spurning sé að búa ekki eitthvað sérstakt til heldur að reyna að aðlaga matinn að hópnum. Ákveðið að vinna í málinu og taka fyrir á næsta fundi.

Sigrún Gylfadóttir mun koma inn á fundina fyrir hönd foreldrafélagsins